

Ísafjörður 17.09.2021

Beiðni vegna:

Tveggja stöðugilda í 6 mánuði á Torfnessvæðið – knattspyrnudeild

Knattspyrnudeild Vestra óskar eftir því að fá til sín starfsmenn í 6 mánuði til að sinna Olísvellinum, Vallarhúsinu, gervigrasvellinum og svæðinu í kringum knattspyrnuvöllina. Óskað er eftir því að starfsmenn vinni á svæðinu frá 1.4.2022 – 1.10.2022.

Nú á liðandi tímabili fékk félagið að ráða til sín tvo starfsmenn. Fyrirkomulagið var virkilega gott og fengum við góða starfsmenn sem sinntu starfinu vel, enda hefur Olísvöllurinn sjaldan verið í jafn góðu ásigkomulagi. Að sinna svæðinu er mikið starf og eins og gefur að skilja er ekki hægt að sinna starfinu á „venjulegum“ vinnutíma eingöngu. Starfsmenn þarf á svæðið þegar það eru leikir og sinna þarf vellinum sérlega vel bæði fyrir og eftir leik. Stöðugildin tvö hafa miðast við vinnu á virkum dögum frá kl.08:00-16:00, en þörfin er að hafa starfsmenn sem hafa sveigjanlegri vinnutíma og geta unnið m.a. um helgar þegar það eru leikir. Launin þurfa þá að endurspegla þennan vinnutíma og sveigjanleika. Við þurfum góða, vandvirka og vinnusama starfsmenn í þessi störf og því mikilvægt að við getum greitt þeim laun sem hæfa starfinu.

Við sjáum að þetta fyrirkomulag, að Vestri knattspyrnudeild, fái að ráða til sín tvo starfsmenn sem sjá um svæðið og eru á okkar vegum, hentar afar vel.

Við óskum því eftir að fá aftur, tvö stöðugildi á Torfnessvæðið í 6 mánuði fyrir næsta tímabil. Við óskum einnig eftir því að laun verði endurskoðuð og hækkuð í samræmi við vinnu.

Virðingarfyllst,

F.h stjórnar knattspyrnudeildar

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg